



B 332/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
**ráðherranefndartillögu um nýja samstarfsáætlun á sviði menningarmála
2021–2024**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að koma í framkvæmd nýrri samstarfsáætlun á sviði menningarmála 2021–
2024**Bakgrunnur**

Þekkingar- og menningarnefndinni gafst í febrúar 2020 kostur á að segja skoðun sína á drögum að nýrri samstarfsáætlun á sviði menningarmála fyrir árin 2021–2024. Nefndin lýsti þá þeirri skoðun að leggja þyrfti meiri áherslu á hlutverk menningarinnar í uppbyggingu sjálfbærs samfélags og að það atriði þyrfti að vera almennt leiðarljós norræns menningarsamstarfs. Nefndin bar einnig fram þá ósk að í skjalinu kæmi fram hvaða norrænum stofnunum væri ætlað að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

Nú liggja fyrir ný drög að samstarfsáætluninni (sjá fylgiskjal) og er hún nú byggð upp með hliðstæðum hætti og framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030, sem er sú að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Samstarfsáætlunin miðast þannig að efni og uppbyggingu við hin þrjú áherslusvið framtíðarsýnarinnar – græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd – og gerð er grein fyrir þeim markmiðum sem menningarsamstarfinu er ætlað að ná á þessum grundvelli.

Meginmarkmið áætlunarinnar eru sem hér segir:

- Á Norðurlöndum og um heim allan er kallað eftir grænum lausnum. Menningarmálaráðherrar Norðurlandanna vilja vinna að grænu menningarlífi til hagsbóta fyrir íbúa landanna í nútíð og framtíð.
- Samkeppnishæf Norðurlönd: Nýsköpun í norrænu menningarlífi gerir Norðurlönd sýnileg á alþjóðavettvangi
- Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Norrænt menningarlíf sem er öllum opið eflir lýðræðið og eykur fjölbreytileika og lífsgleði.



Í tengslum við markmiðið Félagslega sjálfbær Norðurlönd er sérstaklega fjallað um vinnuna við að auka kynjajafnrétti í menningarlífinu; fjölmiðlastefnu, tjáningarfrelsi og miðla- og upplýsingalæsi; möguleika barna og ungmenna til að njóta menningar og vinna sjálf að sköpun; aukna þekkingu um menningu og tungumál Norðurlanda ásamt samstarfi við menntamálaráðherrana um tungumálaskilning á Norðurlöndum.

Í viðauka með samstarfsáætluninni er fjallað um þýðingu norrænna stofnana og styrkjakerfa fyrir framkvæmd áætlunarinnar. Þar eru UNESCO og Eyrstrasaltssamstarf Evrópusambandsins, Priority Area Culture, einnig nefnd sem mikilvægir samstarfsaðilar.

Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin vill þakka fyrir gott samstarf í tengslum við vinnu við nýja samstarfsáætlun á sviði menningarmála 2021–2024. Nefndinni var nokkrum sinnum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum um áætlunina á framfæri og henni var einnig boðið að taka þátt í málstofum og öðrum fundum til að segja álit sitt og leggja fram tillögur.

Nefndin lýsir ánægju með að skýrari grein er gerð fyrir hlutverki menningarinnar í uppbyggingu sjálfbærs samfélags eins og nefndin hafði óskað eftir og að fram kemur hvaða norrænum stofnunum er ætlað að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

Nefndin telur að heppilegt væri að tengja samstarfsáætlunina með greinilegri hætti við framtíðarsýnina um norrænt samstarf. Þannig mætti gera stofnunum, fyrirtækjum og samstarfsaðilum betur ljóst hvernig starfsemi þeirra stuðlar að því að gera að veruleika framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Nefndin hefur þó áhyggjur af því hvaða áhrif það muni hafa að draga úr fjárveitingum til menningarmála næstu fjögur ár með þeim hætti sem boðað hefur verið. Geta menningarmálaráðherrarnir náð settum markmiðum jafnframt þessum mikla niðurskurði?

Afleiðingar kórónufaraldursins bitna hart á menningarstarfsemi. Stofnunum hefur verið lokað og starfsfólki sagt upp störfum og virðist niðurskurður þeirra fjárveitinga sem menningarmálaráðherrarnir hafa til ráðstöfunar næstu fjögur ár, sem samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt, enn vanhugsaðri í því ljósi. Af þeirri ástæðu og með vísan til þess að nýja samstarfsáætlunin er almenn en ekki sértæk ber þekkingar- og menningarnefndin fram þá ósk að þegar gildistími áætlunarinnar er hálfnaður verði lögð fram greinargerð um framkvæmd hennar til þess tíma.



Norðurlöndum, 27. október 2020

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)

Ann-Sofie Alm (M)

Camilla Gunell (ÅSD)

Daniel Riazat (V)

Erlend Wiborg (FrP)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD), formaður

Lars Mejern Larsson (S)

Marianne Synnes Emblesvåg (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)

Veronika Honkasalo (vinstri)